

Ed.

35. Breytingartillögur

[6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Framan við a-lið 1. gr. bætist:
 - B. 76 orðist svo:
Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla og Stað að Laugalandi, af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum, um Hofstaði að Hlið og af Vesturlandsvegi á Hríshólmelum um Hafrafell að Borg.
2. Aftan við 1. gr. bætist:
 - a. B. 111 orðist svo:
Suðurfjarðavegur: Frá Bildudal um Suðurfirði til Langabotns í Geirþjófsfirði, með álmu frá Trostansfirði á Arnarfjarðarveg.
 - b. B. 115 orðist svo:
Rauðasandsvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum í Patreksfirði, um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi, með álmu frá Helgubúfu við Bjarnkötuldalsá að Melanesi.
 - c. B. 116 orðist svo:
Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri, um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita, með álmu frá Geitagili að Gjögnum.
 - d. Á eftir B. 117 komi nýir liðir:
 1. *Hænuvíkurvegur*: Af Örlygshafnarvegi á Gjögnum, um Hænuvík til Kollsvíkur.
 2. *Siglunesvegur*: Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá, um Holt og Hreggstaði að Siglunesi.
3. *Hjarðarnesvegur*: Af Barðastrandarvegi í Smiðjukleifum í Þingmannadal, um Fossá og Auðshaug, fyrir Kjálkafjörð að Litlunesi.